

379. – Stjórnarfundur LEB 22. febrúar 2024

Kl. 10.00 – fjárfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Magnús Jóhannes Magnússon.

Forföll: Ásgerður Pálsdóttir og Jónas Sigurðsson

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 25. janúar, borin upp til samþykktar

Samþykkt

2. Landsfundur LEB 2024

- **Kostnaðarpáttaka LEB vegna fulltrúa aðildarféлага á Landsfund LEB**
Formaður leggur til óbreytt fyrirkomulag frá síðasta Landsfundi, nema að km gjald hækki úr 50 kr. í 60 kr.
Samþykkt
- **Dagskrá Landsfundar**
Samþykkt að ræða á næsta stjórnarfundu
- **Endurkjör stjórnar- og varastjórnarmanna**
Jónas í varastjórn hefur tilkynnt að hann muni ekki gefa kost á sér áfram. Magnús í varastjórn tilkynnir að hann muni gefa kost á sér.
Samþykkt að ræða á næsta stjórnarfundu
- **Uppstillingarnefnd**
Skipa þarf 5 manna uppstillingarnefnd fyrir 14. mars vegna trúnaðarstarfa.
Samþykkt að skipa Ingibjörgu H. Sverrisdóttur formann uppstillingarnefndar og ákveða aðra nefndarmenn með henni á næsta stjórnarfundu.

3. Nýtt félag sækir um aðild að LEB

Nýstofnað félag, Félag eldri borgara í Hvalfjarðarsveit, hefur óskað eftir inngöngu í LEB. Lög félagsins samræmast ekki lögum LEB, sbr. 3 gr. Laga þessa nýja félags sem veitir fólki á öllum aldri aðild að félaginu og þá um leið m.a. rétt til að vera skipaðir fulltrúar á landsfundum LEB.
Samþykkt að koma þessum ábendingum til félagsins svo þau hafi tækifæri til úrbóta til að geta sótt um aðild að LEB.

4. Rekstrarstyrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðherra til LEB

Guðmundur Ingi Guðrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur veitt LEB rekstrarstyrk að upphæð 17 milljónir á ári, fyrir árin 2024 og 2025. Formaður LEB tók við skjali þess efnis föstudaginn 16. febrúar sl.
Fögnumu stjórnarmenn þessari ákvörðun ráðherrans.



LEB

Landssamband eldri borgara

5. Ráðstefna Öldrunarráðs Íslands

Formaður minnti á áður boðaða ráðstefnu ÖÍ sem verður miðvikudaginn 28.febrúar nk. og hvatti stjórnarmenn eindregið að sækja hana. LEB er aðili að ÖÍ.

6. Starfsmannamál

Drífa fór yfir stöðu mála. LEB auglýsti opinberlega stöðu skrifstof- og markaðsstjóra (hlutastarf) laust til umsóknar 1. febrúar sl. Umsóknarfrestur rann út 15.febrúar.

Hún og Helgi tóku við umsóknum sem voru 22 talsins. Þau hafa grísað og valið úr nokkra umsækjendur til að ræða frekar við. Sú vinna stendur nú yfir og munu þau gera ráð fyrir að kynna niðurstöðu sína á næsta stjórnarfundum

7. Önnur mál

Engin.

Samþykkt var að halda næsta stjórnarfund að viku liðinni, fimmtudaginn 29. febrúar nk. kl. 10 sem fjarfund.

Á þeim fundi verða á dagskrá helst:

- Uppstillingarnefnd
- Dagskrá Landsfundar LEB 14. maí 2024
- Starfsmannamál

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 10.19. Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 29. febrúar 2024

Helgi Pétursson formaður